

Sp. 134. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um afturköllun sjónvarpsleyfis o. fl.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir, Einar Olgeirsson, Finnbogí R. Valdimarsson,
Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afturkalla þegar í stað leyfi til sjónvarpsstarfsemi bandaríska hersins á Íslandi. Jafnframt verði haldið áfram at-
hugunum þeim, sem Ríkisútvarpið hefur með höndum um möguleika á rekstri
íslenzks sjónvarps.

Greinargerð.

Kröfur gerðar.

Vorið 1951 bárust íslenzkum stjórnarvöldum óskir frá bandaríska setuliðinu á Suðurnesjum um sérstaka útvarpsstarfsemi á vegum þess. Ekki var orðið við þessum óskum þegar í stað, enda óneitanlega steinn í götu, þar sem íslenzk lög voru, en í þeim segir ótvírætt, að ríkisstjórnin hafi ein rétt til að reka útvarp á Íslandi. Skal hún starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík og reisa endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu, en um orkuaukningu stöðvarinnar í Reykjavík og byggingu nýrra endurvarpsstöðva skal fara eftir ákvörðunum Alþingis hverju sinni.

Það vafðist eitthvað fyrir ríkisstjórninni að verða við tilmælum setuliðsins og veita því formlega heimild til sjálfstæðrar útvarpsstarfsemi á Suðurnesjum. Setuliðið beið í nokkra mánuði, en í nóvember 1951 mun þolinmæði þess hafa brostið, því að þá hóf það eigin útvarpsrekstur í algeru heimildarleysi, að því er bezt verður séð.

Ekki hefur ríkisstjórnin verið alls kostar ánægð með þessi málalok. Í febrúar 1952 snýr menntamálaráðherra sér bréflaga til útvarpsstjóra og felur honum að láta hernum í té formlegt „leyfi“ til útvarpsstarfsemi. Ekki sýnist útvarpsstjóri hafa haft hraðan á um þessa framkvæmd, enda tiltækið af ýmsum álitum ólöglegt. Seint í marz fær útvarpsstjóri annað bréf frá sama ráðherra, og eru þar ítrekuð hin fyrri fyrirhæfi um útgáfu „leyfis“ til handa hernum. Enn líður rúmur mánuður, og það er ekki fyrr en 1. maí 1952, að útvarpsstjóri gefur út leyfisbréf. Mun það plagg síðan hafa hangið innrammað í húsakynnum hersins á Keflavíkurflugvelli.

Skilyrðin sniðgengin.

Með bréfi þessu veitti Ríkisútvarpið setuliðinu leyfi til að starfrækja eigin útvarpsstöð („to operate their own broadcasting station“) með vissum tilgreindum skilyrðum. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt að dómi Ríkisútvarpsins, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust, ella með eins mánaðar fyrirvara. Í dagskrá þessa útvarps skal eingöngu fjallað um efni, er snertir setuliðið sjálft. Engan pólitískan áróður má hafa þar í frammi, og skal fyllsta hlutleysis gætt í öllum greinum. Auglýsingar og tilkynningar eru bannaðar í þessu útvarpi aðrar en þær, sem varða hernaðaraðgerðir og öryggi setuliðsins.

Höfuðskilyrðið fyrir leyfisveitingunni er þó það, að hið erlenda útvarp komi á engan hátt inn á áhugasvið og verksvið Ríkisútvarpsins, — að það með öðrum orðum höfði ekki til íslenskra hlustenda. Þessu skilyrði hefur síður en svo verið fullnægt, og skiptir það þó meginmáli. Raunin hefur orðið sú, að hlustun Íslendinga á þetta erlenda herútvarp hefur aukizt stöðugt, án þess að íslensk stjórnarvöld skipti sér ögn af. Þar sem Ríkisútvarpið reynir að vanda dagskrá sína og miða tónlistarval sitt við menningarlegt gildi, miðar ameríska stöðin sína dagskrá við frumstæðustu dægrastyttingu eina, svo sem hún kemst á lægst stig. Það má því segja, að upphafleg viðleitni löggjafarvaldsins til þess að tryggja menningarlegt hlutverk útvarpsmiðlunar í landinu hafi beðið alvarlegt afhroð í þessu efni.

Nýjar kröfur.

Lög um sjónvarp eru engin til hér á landi. Þegar íslensk sjónvarpsstarfsemi hefst, verður hún án efa í nánnum tengslum við útvarpið, enda margt sameiginlegt með þessum greinum. Það mun talið sjálfsagt, að sjónvarpið verði deild í Ríkisútvarpinu, og á þess vegum hafa þegar farið fram nokkrar athuganir á möguleikum sjónvarps hér. Því virðist réttmætt að líta svo á, að sjónvarpsstarfsemi hér á landi lúti stjórn Ríkisútvarpsins og menntamálaráðherra.

Árið 1955 gerist það á sviði herstöðvamálsins, að utanríkisráðherra með póst- og símamálastjóra sem millilið veitir bandaríska setuliðinu leyfi til sjónvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli. Í það sinn virðist alveg hafa verið gengið fram hjá Ríkisútvarpinu, að minnsta kosti kom málið aldrei fyrir útvarpsráð. Nú eru það nýir aðilar íslenskir, sem taka það upp á sitt eindæmi að uppfylla óskir hins erlenda hers. Útvarpsleyfið 1952 gaf útvarpsstjóri að boði menntamálaráðherra, en sjónvarpsleyfið 1955 var veitt af póst- og símamálastjóra að undirlagi utanríkisráðherra. Mætti af þessu ætla, að útvarp og sjónvarp væri af hérlendum stjórnarvöldum talið hvort öðru með öllu óskýlt og að annað heyrði eðlilega undir menntamálaráðherra, en hitt undir utanríkisráðherra.

Og nýjar vanefndir.

Þegar bandaríska sjónvarpsstöðin á Keflavíkurflugvelli kom fyrst til álita, munu henni hafa verið sett samsvarandi skilyrði og útvarpinu áður, þ. e. að sendingar hennar næðu ekki inn á svið íslenskrar viðtöku. Styrkleiki hennar var takmarkaður og sendistefnu þannig hagað, að ekki næði til Reykjavíkur eða byggðarlaganna við innanverðan Faxaflóa. Töldu margir, að meðan svo væri um búíð,

gilti í rauninni ekki annað um sjónvarpið en t. d. kvikmyndahús eða aðrar skemmti- stofnanir innan flugvallarins sjálfs. Brátt kom þó í ljós, að á ákveðnum stöðum í Reykjavík og nágrenni mátti sjá sjónvarpssendingarnar, og þegar sölunefnd setu- liðseigna fór að selja sjónvarpstæki, — og raunar algerlega ólöglega, án skrán- ingar og án milligöngu Viðtækjaverzlunar ríkisins, — tók sjónvarpsnotendum, sér- staklega í Reykjavík, að fjölga ört. Samkvæmt talningu, sem Ríkisútvarpið lét gera í einu hverfi bæjarins árið 1959, mun ekki ofætlað, að sjónvarpstæki séu nú á annað þúsund í Reykjavík einni.

Enda þótt viðtökuskilyrði sjónvarpssendinganna væru mjög slæm og dragju ekki til sín almenna athygli, var hér allt að einu kominn fram annar þáttur, sem braut algerlega í bága við anda útvarpslaganna og þau skilyrði, sem starfsemi þess- ari voru upphaflega sett. Hér var með öðrum orðum komin inn á íslenzkt menningarsvæði sú starfsemi, sem af öllum er játað að sé áhrifamesta miðlunartæki jarðar, jafnt til góðra sem mannskemmandi áhrifa, og enn án þess, að íslenzk stjórnarvöld létu málið í einu eða neinu til sín taka. Það virðist illa samrýmast, að annars vegar reyni íslenzk stjórnarvöld að miða að menningarlegu uppeldi þjóðarinnar með skólum og útvarpi, en láti hins vegar viðgangast hömlulaust er- lenda starfsemi, sem miðar nánast í öfuga átt. Ber þess og að gæta, að þeim mun áhrifameira er sjónvarp en útvarp, að erlent tungumál setur því litlar eða engar skorður.

Enn er heimtað.

Þótt mál þetta hefði staðið við sama og verið hefur síðan 1955, væri ærin ástæða til þess, að Alþingi Íslendinga vaknaði af værdinni og léti það alvarlega til sín taka. En setuliðið lætur ekki standa við sama, heldur færir sig stöðugt upp á skaftið. Á s. l. vori komu fram óskir þess um stórfellda orkuaukningu sjónvarps- stöðvarinnar, og sem fyrr létu íslenzk stjórnarvöld undan síga. Hefur utanríkis- ráðherra staðfest það á þingfundi nýlega, að póst- og símamálastjóri og útvarps- stjóri hefðu verið á einu máli um, að veita bæri leyfi til þessarar orkuaukningar, og að utanríkisráðuneytið hefði ekkert haft við það að athuga.

Afleiðingar undanhaldsins.

Þegar nú ameríska sjónvarpsstöðin hér fimmfaldar orku sína, eins og hún hefur fengið leyfi til, og heldur auk þess sínu striki í ótakmarkaðri sendistefnu, þá blasir við í allri sinni nekt eitthvert viðsjálasta vandamál, sem að íslenzkri menningu hefur steðjað um langa hrið. Þegar er svo komið, að opinber veitinga- hús í Reykjavík hafa sjónvarpsskerma á veggjum sínum, og má sjá í hendi, hvert stefnir með aukningu sjónvarpsorkunnar. Veitingahús og kvöldsolustaðir, svonefnd- ar sjoppur, munu keppast um að draga æskufólk til sín með því að hafa sjón- varpstæki uppi, og börn og unglíngar á þúsundum heimila munu alast upp við þá andlegu fæðu, sem amerískar sjónvarpsstjórnir viðurkenna jafnvel sjálfar að sé undir öllu lágmarki að menningargildi, með um 80% af glæfra- og glæpamyndum af soralegasta tagi. Ef þessu færi fram, köstuðu Íslendingar frá sér allri menningar- legri ábyrgð og staðfestu þjóðernislega uppgjöf sína.

Tími til viðnáms.

Það er þannig langur vegur frá, að hér sé aðeins um tæknilegt atriði að ræða, svo sem mál þetta hefur verið túlkað á þingi. Málið snýst einfaldlega um það, hvort miða eigi menningarlíf íslenzku þjóðarinnar við frumstæðustu dægrastytt- ingu útlendra hermanna í leiðinlegri bækistöð. Vilja flutningsmenn þessarar tillögu ekki trúa því, fyrr en á er tekið, að Alþingi kasti frá sér í blindni því fjöreggi, sem menning og tunga þjóðarinnar er, en það gerist, ef ekkert er um það hirt að veita viðnám hinni þrálátu ásókn ómenningarinnar frá herstöðinni á Keflavíkurlflugvelli.

Íslendingar mega ekki una því lengur að hafa í landi sínu sjónvarpsstöð, sem

eys yfir þá soranum einum úr andlegu lífi stórbjóðar. Slíka sendistöð ber að afmá, en ekki að magna, eins og nú hefur verið leyft. Það er kominn tími til, að þjóðin veiti viðnám og taki að heimta á ný þau menningarvirki, sem hún á undangengnum árum hefur verið að missa í hendur setuliðsins á Keflavíkurvelli. Eitt slíkt virki og það mikilvægt má endurheimta með afturköllun sjónvarpsleyfisins, eins og ráð er fyrir gert í þessari tillögu.

Eins og kunnugt er, hefur Ríkisútvarpið líttillega látið athuga möguleika á því að koma á fót íslenskri sjónvarpsstarfsemi, og þykir flutningsmönnum þessarar tillögu eðlilegt, að þeirri athugun sé haldið áfram, enda þótt skoðanir manna á sjónvarpi yfirleitt séu mjög skiptar og þá ekki síður, hvort tímabært sé að stofna til þess hér á landi nú. Menn kunna að deila um, hvort Íslendingar geti staðið undir kostnaði af eigin sjónvarpi, en hitt ætti að vera ágreiningslaust, að betra sé að vera sjónvarpslaus en lúta að erlendu hermanna-sjónvarpi.